

Föstudaginn 16. september 1994.

Nr. 369/1994.

Meleyri hf.

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Gjaldtökusjóði

(Valgarð Briem hrl.)

Kærumál. Fjárnám. Lög um sérstakt gjald vegna ólögsmæts sjávar-
afla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Garðar Gíslason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttar-
dómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 10. ágúst 1994, sem barst réttinum 29. sama mánaðar. Kæruheimild er í 3. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 3. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991. Krefst sóknaraðili þess, að felld verði úr gildi árangurslaus fjár-
námsgerð sýslumannsins á Blönduósi, sem fram fór að kröfu
varnaraðila hjá Meleyri hf. 14. mars 1994 fyrir 1.817.211 krónum auk
dráttarvaxta og kostnaðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og
kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kæru-
málskostnaðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann
staðfestur.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og greinir í
dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Meleyri hf., greiði varnaraðila, Gjaldtökusjóði,
30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands vestra 29. júlí 1994.

Ár 1994, föstudaginn 29. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Norðurlands
vestra, sem háð er í Dómhúsi Héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg af

Hirti O. Aðalsteinssyni, settum héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður í málinu nr. Y-2/1994: Meleyri hf. gegn Gjaldtökusjóði, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 22. júlí sl.

Sóknaraðili málsins er Meleyri hf., kt. 471272-0279, Brekkugötu 2, Hvammstanga.

Varnaraðili málsins er Gjaldtökusjóður, kt. 470993-2459, Skúlagötu 4, Reykjavík.

I.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að fjárnámsgerð, sem tekin var fyrir 14. mars 1994 kl. 15.00 hjá sýslumanninum á Blönduósi gagnvart gerðarþola og lokið var sama dag án árangurs, verði felld úr gildi og að sóknaraðila verði ákvarðaður málskostnaður að mati réttarins eða samkvæmt síðar fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Dómkröfur varnaraðila eru þær, að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað og sóknaraðili dæmdur til að greiða varnaraðila málskostnað skv. mati dómsins.

II.

Sóknaraðili lýsir málavöxtum svo, að á fiskveiðiárinu 1991 til 1992 lagði togbáturinn Siggi Sveins, ÍS 29, sem nú heitir Halldór Jónsson, SH 217, upp hjá sóknaraðila, en eigandi bátsins var Rækjuverksmiðjan hf., Hnífsdal. Á árinu 1992 og 1993 var rekstur sóknaraðila erfiður, og leiddi það til þess, að 19. maí 1993 fékk hann heimild Héraðsdóms Norðurlands vestra til að leita nauðasamninga meðal skuldheimtumanna sinna. Sama dag var sóknaraðila tilkynnt um umframafla fyrrnefnds skips á fiskveiðiárinu 1991 til 1992. Nokkru síðar og meðan á nauðasamingaumleitunum stóð, barst sóknaraðila bréf Fiskistofu, dags. 25. júní 1993, þess efnis, að lagt hefði verið gjald á hann vegna ólögðs sjávarafla Halldórs Jónssonar, SH 217, á fiskveiðiárinu 1991 til 31. ágúst 1992. Bréfi þessu var ekki sinnt, þar sem forsvarsmenn sóknaraðila töldu sig ekki rétta aðila að málinu og allt að einu væri ljóst, að málsmeðferð Fiskistofu væri í andstöðu við ákvæði 3. þáttar gjaldþrotaskiptalaga nr. 21/1991 um nauðasamninga. Segir sóknaraðili, að þrátt fyrir ítrekuð mótmæli sóknaraðila við því, að kröfu þessari væri haldið fram gegn honum, var 14. mars sl. framkvæmd aðför sú, sem krafist er, að verði ógilt.

Ofangreindri málavaxtalýsingu hefur ekki verið mótmælt af hálfu varnaraðila.

Samkvæmt endurriti úr gerðabók sýslumannsins á Blönduósi er ofangreind aðfarargerð nr. 20/1993/00376, og mætti Guðmundur Tryggvi Sigurðsson stjórnarformaður fyrir gerðarþola. Gerðarbeiðandi krafðist fjár-

náms fyrir kröfu að fjárhæð 2.078.938 kr. með nánar tilgreindri sundurliðun. Gerðarþoli mótmælti gerðinni á þeim grundvelli annars vegar, að gerðarþoli væri ekki réttur aðili, og hins vegar, að krafan væri samningskrafa samkvæmt nauðasamningi, sem heimild var veitt til að leita 19. maí 1993 og staðfestur var 9. september 1993. Fulltrúi sýslumanns ákvað, að gerðin færi fram þrátt fyrir þessi mótmæli, og lýsti gerðarþoli þá yfir eignaleysi.

Samkvæmt gögnum málsins er efni ofangreinds nauðasamnings það, að lánardrottinnar fengu loforð um greiðslu á 25% krafna sinna, þó þannig, að lágmarksgreiðsla skyldi vera 50.000 krónur. Skyldu 15% kröfu greiðast strax eftir staðfestingu nauðasamnings, næstu 5% innan 6 mánaða frá staðfestingu hans, og þau 5%, sem eftir eru, átti að greiða innan 12 mánaða frá staðfestingu nauðasamnings.

Meðal gagna málsins eru kvótaskýrslur skipsins frá september 1991 til ágústmánaðar 1992, og kemur þar fram, að aflanum er í öllum tilvikum landað á Hvammstanga og í dálk fyrir kennitölu eiganda er skráð kennitala sóknaraðila nema á tveimur síðustu skýrslunum, þar sem skráð er kennitala eiganda í Ólafsvík, en aflanum allt að einu landað á Hvammstanga.

III.

Sóknaraðili lýsir málsástæðum sínum svo, að krafan um ógildingu aðfarargerðarinnar frá 14. mars sl. sé á því reist, að gerðinni hafi á grundvelli rangrar stjórnvaldsákvörðunar verið beint að sér í stað eiganda bátsins Halldórs Jónssonar, SH 217, og beri því að fella hana úr gildi.

Einnig byggir sóknaraðili á því, að jafnvel þótt sóknaraðili teljist réttur skuldari að kröfu Gjaldtökusjóðs, beri að fella fjárnámið úr gildi, þar sem við framkvæmd þess hafi legið ljóst fyrir, að krafan félli undir ofangreindan nauðasamning. Þar sem krafan byggist á atvikum, sem áttu sér öll stað fyrir 1. september 1992, verði að telja, að stofnunartími kröfunnar sé á árinu 1992. Verði að telja, að krafan sé í síðasta lagi stofnuð, þegar þar upplýsingar lágu fyrir, sem hún er reist á, og megi þá með hliðsjón af yfirliti Fiskistofu um umframaflla frá 19. maí 1993 telja, að það hafi í síðasta lagi verið þann dag. Því verði að telja með gagnályktun frá 1. tl. 1. mgr. 28. gr., sbr. 29. gr., að krafan sé samningskrafa, er falli undir fyrrnefndan nauðasamning. Falli allar samningskröfur undir nauðasamninginn, hvort sem þeim er lýst eða ekki, sbr. 31. gr. og 2. mgr. 60. gr. l. nr. 21/1991. Verði ekki fallist á, að kröfunni hafi verið ranglega beint að sóknaraðila, verður að telja, að sóknaraðila hafi í mesta lagi borið að greiða 25% kröfunnar með þeim skilyrðum, er fram koma í nauðasamningnum. Telur sóknaraðili, að þar sem ljóst sé, að annaðhvort hafi kröfunni verið beint með óréttmætum hætti að

sóknaraðila eða krafan of há, þar sem ekki var tekið tillit til nauðasamnings, geti yfirlýsing fyrirsvarsmanns sóknaraðila um eignaleysi ekki haft gildi, og beri því að fella fjárnámið í heild sinni úr gildi.

IV.

Varnaraðili lýsir málsástæðum sínum svo, að skv. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 37/1992 skal sá, sem eigi vill una ákvörðun Fiskistofu, kæra hana innan tveggja vikna, frá því að hann fékk vitneskju um hana. Ekki sé vitað til þess, að álagning hafi verið kærð á þann hátt, sem lög gera ráð fyrir, og beri því þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfugerð sóknaraðila. Bendir varnaraðili á, að beinlínis er staðhæft í bréfi sóknaraðila, dagsettu 6. maí sl., að álagningu hafi ekki verið sinnt, þar sem forsvarsmenn sóknaraðila töldu sig ekki réttan aðila. Þá byggir varnaraðili á því, að verði framangreint ekki tekið til greina, teljist sóknaraðili ótvírætt vera útgerðaraðili skipsins, sem veiddi umframaflann, þrátt fyrir það að skipið væri þinglesin eign annars. Hafi sóknaraðili einn séð um rekstur skipsins á þessum tíma og því eðlilegt, að álagningin beindist gegn honum skv. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 37/1992. Þá hafi sóknaraðili engin gögn lagt fram um það, hvernig samningi hans og eiganda bátsins var háttað, og hljóti álagningin því tvímælalaust að teljast réttmæt á grundvelli framangreindrar lagagreinar.

Varnaraðili mótmælir því, að um samningskröfu sé að ræða, heldur álagningu gjalds, sem heyri ekki á neinn hátt undir nauðasamninga vegna sérstöðu sinnar. Sé um að ræða álagningu gjalds vegna ólögmarks sjávarafla, og væri óeðlilegt, að aðilar gætu komist undan greiðslu gjalds með nauðasamningi.

Þá bendir varnaraðili á, að álagningin miðast við þann dag, sem hún er framkvæmd, og miðist öll réttaráhrif við það. Sé dagsetning álagningar hinn eiginlegi stofndagur kröfunnar. Hljóti því 1. tl. 1. mgr. 28. gr. gjaldþrotaskiptalaga að eiga við um kröfu varnaraðila. Stofndagur kröfunnar sé ekki fyrr en eftir, að það tímabil var liðið, sem nauðasamningnum var ætlað að ná til, og verði að skoða það, að varnaraðila gafst ekki tækifæri til þess að hafa áhrif á samninginn. Bendir varnaraðili á, að úrskurður um heimild sóknaraðila til nauðasamningsumleitana var kveðinn upp 19. maí 1993, en gjaldið lagt á 25. júní 1993.

V.

Ágreiningur aðila í máli þessu snýst um gildi fjárnáms, sem framkvæmt var af fulltrúa sýslumannsins á Blönduósi 14. mars sl. hjá sóknaraðila. Telur sóknaraðili fjárnáminu hafa verið beint að röngum aðila, en verði niður-

staðan sú, að svo hafi ekki verið, byggir sóknaraðili á því, að krafan sé samningskrafa, er falli undir nauðasamning sóknaraðila, er staðfestur var 9. september 1993.

Krafa sú, er mál þetta snýst um, er að stofni til sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, að fjárhæð 1.817.211 kr., sem Fiskistofa lagði á sóknaraðila 25. júní 1993 með vísan til 2. tl. 1. gr. laga nr. 37/1992, sbr. 1., 2. og 3. gr. sömu laga. Með bréfi, dagsettu 19. maí 1993, var sóknaraðila tilkynnt, að samkvæmt kvótaskýrslum hefði skipið Halldór Jónsson, SH 217, veitt umfram veiðiheilmildir sínar, og væri andvirði gjaldskylds afla á fiskveiðiárinu 1. september 1991 til 31. ágúst 1992 1.817.211 kr. Formlegri álagningu er síðan beint að sóknaraðila, eins og áður er rakið, og honum bent á tveggja vikna frest til að kæra hana til Fiskistofu. Ekki er að sjá, að sóknaraðili hafi sýnt nein viðbrögð við álagningunni, fyrr en varnaraðili leitaði aðfarar hjá sóknaraðila.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 37/1992 skal gjald skv. 1. gr. að jafnaði lagt á þann, sem hefur gert út skip eða bát, sem veitt hefur gjaldskyldan afla. Gögn málsins, einkum kvótaskýrslur, sem eru grundvöllur álagningar Fiskistofu, benda eindregið til þess, að sóknaraðili hafi gert út umræddan bát. Mátti sóknaraðila vera ljóst, eins og kvótaskýrslur voru úr garði gerðar, að litið yrði á hann sem útgerðaraðila bátsins. Þar sem sóknaraðila hefur ekki tekist að sýna fram á annað, var Fiskistofu því rétt með hliðsjón af ofangreindum lagaheimildum að beina álagningu gjaldsins að honum.

Þá er ágreiningur með aðilum um það, hvenær krafa varnaraðila varð til, og byggir sóknaraðili á því, að krafan sé samningskrafa, sem byggist á atvikum, sem urðu fyrir 1. september 1992, og falli því undir nauðasamning sóknaraðila. Varnaraðili er hins vegar þeirrar skoðunar, að krafan hafi fyrst orðið til við álagningu gjaldsins 25. júní 1993.

Eins og rakið var hér að framan, er margnefnd krafa sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla. Í 2. tl. 1. mgr. 1. gr. sömu laga segir, að ólögmætur sé sá sjávarafli eða hluti afla, sem er umfram þann hámarksafla, sem veiðiskipi er settur. Samkvæmt 2. mgr. 10. gr. 1. nr. 37/1992 fellur það í gjalddaga við álagningu og ber dráttarvexti samkvæmt ákvæðum vaxtalaga, frá því að 30 dagar eru liðnir frá gjalddaga þess. Samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 28. gr. laga nr. 21/1991 hefur nauðasamningur ekki áhrif á kröfur, sem orðið hafa til á hendur skuldara, eftir að úrskurður gekk um heimild hans til að leita nauðasamnings. Eins og að framan er rakið, byggist álagning gjaldsins á ólögmætu atferli sóknaraðila. Er því um að ræða refsikennd viðurlög, sem sóknaraðili var beittur við álagningu gjaldsins 25. júní 1993, og verður því að telja, að krafan hafi orðið til þann dag. Hinn 19. maí 1993 gekk úr-

skurður um heimild sóknaraðila til að leita nauðasamninga, og samkvæmt framansögðu og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 28. gr. laga nr. 21/1991 telst krafa varnaraðila því ekki samningskrafa.

Með vísan til framanritaðs verður kröfum sóknaraðila hafnað, eins og varnaraðili hefur krafist. Þá ber að skilja máltilbúnað varnaraðila svo, að krafist sé staðfestingar á ofangreindri fjárnámsgerð, og verður því fjárnámsgerð sýslumannsins á Blönduósi nr. 20/1993/00376, sem fram fór 14. mars 1994, staðfest. Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðila 30.000 kr. í málskostnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Staðfest er fjárnám, sem framkvæmt var af fulltrúa sýslumannsins á Blönduósi 14. mars 1994, nr. 20/1993/00376 hjá Meleyri hf. að kröfu Gjaldtökusjóðs.

Sóknaraðili, Meleyri hf., greiði varnaraðila, Gjaldtökusjóði, 30.000 kr. í málskostnað.
